

# HÚSÖNDIN

41. tbl. 3. árg.  
10. nóv. 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 11. - 17. NÓVEMBER

10.11. Birgir Valdimar Hauksson

12.11. Þórhallur Kristjánsson

13.11. Hjördís Sigríður Albertsdóttir, Dreki Lars Garðarsson

15.11. Árný Hulda Sæmundsdóttir

17.11. Kristján Galdur Stefánsson

## Ljósakrossar

Eins og um síðustu jól mun  
Kiwanisklúbburinn Herðubreið  
setja upp ljósakrossa á leiði  
í Reykjahlíðarkirkjugarði.  
Ljósakrossarnir verða settir upp  
á sömu leiði og um síðustu jól.



KIWANISKLÚBBURINN  
HERÐUBREIÐ  
MÝVATNSSVEIT

Peir aðilar sem **EKKI** vilja nýta sér þessa þjónustu áfram  
vinsamlega látið vita fyrir 23. nóv. í síma 897 4108.

Eigum nokkrum krossum óráðstafað,  
pantanir í þá þurfu að berast sem fyrst,  
helst fyrir 23. nóv. til Þorbergs í síma 897 4108.

Leiga fyrir krossinn er kr. 3500.-  
Kveikt verður á krossunum fyrsta sunnudag í aðventu, 29. nóvember.

Kiwanisklúbburinn Herðubreið

ERTU 16- 21 ÁRA?  
VILTU HAFA ÁHRIF?



# UNGMENNARÁÐ SKÚTUSTAÐAHREPPS

Viltu gæta hagsmuna ungs fólks í  
sveitarfélaginu?

Viltu koma skoðunum og tillögum ungs fólks  
áfram í stjórnkerfi sveitarfélagsins?

Viltu þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum og  
læra á stjórnkerfi sveitarfélagsins?

**SENDU PÓST Á STARFSMANN  
RÁÐSINS DITTA@HAC.IS FYRIR 15.NÓV. EF ÞÚ  
VILT TAKA ÞÁTT Í ÁHUGAVERÐU STARFI Í  
SVEITARFÉLAGINU ÞÍNU. ATHUGIÐ AÐ FUNDIR  
UNGMENNARÁÐS ERU LAUNAÐIR. RÁÐIÐ  
FUNDAR FIMM SINNUM Á ÁRI OG Í BOÐI ER AÐ  
VERA Í FJARFUNDI EF ÞAÐ HENTAR BETUR.**

**HÆGT ER AÐ KYNNA SÉR NÁNAR STARFSEMI  
UNGMENNARÁÐSINS Á HEIMASÍÐU SKÚTUSTAÐAHREPPS  
(STJÓRNSÝSLA > REGLUGERÐIR > SAMÞYKKT  
UNGMENNARÁÐS)**

**[HTTP://WWW.SKUTUSTADAHREPPUR.IS/IMG/FILES/SVEITA  
RSTJORNARFUNDIR/UNGMENNARAD.PDF](http://www.skutustadahreppur.is/img/files/sveitarstjornarfundur/ungmennarad.pdf)**



Velferðasjóður Þingeyinga vill þakka fyrir styrki og velvild í garð sjóðsins, styrki frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum, sem hafa haldið sjóðnum gangandi.

Við viljum minna á okkur á þessum skrýtnu tímum. Við söfnum venjulega umsóknum í sjóðinn saman fram til tuttugasta hvers mánaðar og úthlutum eftir það.

En núna í ár, verðum við snemma með Jólaúthlutun. Við ætlum að safna til 15. nóv. umsóknum og úthluta í fyrstu vikunni í desember 2020.

Hægt er að sækja um á **rkihusavik@simnet.is**. Einnig hjá Sólveig Höllu sóknarpresti **sera.halla@gmail.com**, Jóni Ármanni presti **skinnast@gmail.com**, og Jarþrúði presti **jarthrudur.arnarsdottir@kirkjan.is** á Þórshöfn, og Örnólfi presti **ornolfurjol@gmail.com** í Mývatnssveit.

Allur stuðningur við sjóðinn hjálpar, stór sem smár.

Allt fé sem inn kemur rennur til að aðstoða nauðstadda hér á okkar svæði.

Bankareikningur okkar er **1110-05-402610**

Kennitala er **600410-0670**

Bestu haustkveðjur og fyrirfram þakklæti fyrir stuðninginn og velvild við sjóðinn.

13.nóvember 2020- Zoom fjarfundur- kl. 11:00- 12:40

# MÁLSTOFA UM SJALFBÆRNI Í FERÐAÞJÓNSTU



**SKRÁNING: [WWW.HAC.IS/NAMSKEIDSLISTI/](http://WWW.HAC.IS/NAMSKEIDSLISTI/)**

Dagskrá:

Kynning á SUSTAIN IT verkefninu

Rannveig Ólafsdóttir, prófessor í ferðamálafræðum við HÍ

Kynning frá ferðaþjónustuaðila Höfn í Hornafirði

Kynning frá ferðaþjónustuaðila í Mývatnssveit

Snjólaug Ólafsdóttir, sjálfbærni ráðgjafi hjá Andrými sjálfbærnisetri

Kæru sveitungar

Nú fer að koma að okkar árlegu skreytingum og eins og undanfarin ár afgreiðum við eftir pöntunum. Pantanir frá einstaklingum og fyrirtækjum þurfa að hafa borist fyrir klukkan 19:00 föstudaginn 20. nóvember hjá Siggu Jósa í síma 865-2005.

Vegna þess hve mörg fyrirtæki eru lokuð þá ítrekum við að þeir sem eru með fastar pantanir og vilja breyta þeim hafi samband.

Í ár mun allur ágóði af sölunni renna til Velferðarsjóðs Þingeyinga.



Verð:

Krans kr. 8.000.

Kertaskreyting kr. 8.000.

Leiðiskross kr. 5.000.

Leiðisgrein kr. 2.500.

Þökkum stuðninginn

Slysavarnadeildin Hringur

Vegna covid-ástands og fjöldatakmarkana falla helgistundir á miðvikudagskvöldum niður, næsta miðvikudag 11. nóvember að minnsta kosti. Nánar verður tilkynnt um þegar forsendur breytast. Ég hvet ykkur til að hafa samband við mig símleiðis ef að ég get eitthvað aðstoðað ykkur eða þá til að spjalla. Þannig getum við líka mælt okkur mót. Sími minn er GSM 860 2817 og heimasími 464 4201. Samstöðukveðjur. sr. Örnólfur